



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

ÚTGEFANDALÝSING

Desember 2008



EFNISYFIRLIT

1	Áhættuþættir	3
1.1	Útlánaáhætta	3
1.2	Áhætta vegna samningsskuldbindinga	3
1.3	Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta	4
1.4	Lausafjár- og fjármögnunaráhætta	4
1.5	Rekstraráhætta	4
1.6	Starfsmannaáhætta	4
1.7	Lagaleg áhætta	4
2	Tilkynning til fjárfesta	4
3	Ábyrgir aðilar	5
3.1	Ábyrgðaraðili	5
3.2	Yfirlýsing útgefanda og umsjónaraðila	5
4	Löggiltir endurskoðendur	5
5	Upplýsingar um útgefandann	5
5.1	Almennar upplýsingar	5
5.2	Saga Lánasjóðs sveitarfélaga	6
5.3	Stofnun og hlutverk	6
5.4	Breytingar á lögum sjóðsins	6
5.5	Breytt starfsemi og ný lög	6
5.6	Formbreyting í hlutafélag	7
5.7	Nýlegir atburðir	7
6	Yfirlit yfir starfsemi	7
6.1	Tekjur	7
6.2	Lántökur	7
6.3	Lánveitingar	7
6.4	Vaxtakjör	7
7	Stjórn og framkvæmdarstjórn	8
8	Stærstu hluthafar	8
9	Fjárhagsupplýsingar	9
9.1	Árshlutareikningur 30. júní 2008	9
9.2	Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2008 og upplýsingar um þróun	9
9.3	Umfjöllun um ársreikninga árána 2006 og 2007	10
10	Mikilvægir samningar	12
11	Skjöl til sýnis og skjöl felld inn með tilvísun	12



1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sem lánafyrirtæki stendur Lánasjóður sveitarfélaga ohf. í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglum sé framfylgt.

Þá ræður stjórnin innri endurskoðanda í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk hans er að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stefna lánasjóðsins er að ytri endurskoðandi og innri endurskoðandi séu ekki sami aðilinn.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki en hún er þó til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

Upptaldir áhættuþættir geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréfin.

1.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum, en þó ekki ef ríkissjóður á í hlut.

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu kemur fram í bókfærðu verði útlánasafnsins í efnahagsreikningi. Farið er yfir lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar. Samkvæmt útlánareglum sem stjórnin hefur sett, takmarkast almenn útlánaheimild framkvæmdastjóra við 100 milljónir kr. og að um sé að ræða sveitarfélag í góðri fjárhagsstöðu samkvæmt nánari skilgreiningu. Að öðrum kosti fer málið til stjórnar til ákvörðunar.

Útlánaáhætta sjóðsins takmarkast við íslensk sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Engin vanskil voru í lok ársins 2007 og ekki hefur þurft að grípa til veðs í tekjum sveitarfélags sem tryggingu fyrir láni á árinu.

Sveitarfélögin eru nú 78 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 65 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi.

Lánasjóðurinn hefur enga stóra áhættuskuldbindingu. Útlán og kröfur á stærsta lántaka sjóðsins nema um 8% af eigin fé en viðmiðið er 10% af eigin fé. Tíu stærstu lántakendurnir eru með um 60% af heildarútlánum sjóðsins. Með vaxandi útlánastarfsemi á næstu árum má búast við að einhver hinna stærri sveitarfélaga fari yfir 10% mörkin. Hámarksáhætta á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eigin fé sjóðsins.

1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaganna, 78 talsins, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögnum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME, en þó ekki meira en 25% af eigin fé þeirra. Komi til áhættu á erlenda fjármálastofnun skal hún hafa lánshæfismat að lágmarki A frá að minnsta kosti einu alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki. Mótaðilaáhætta kemur til vegna fjáreigna og afleiðusamninga.



1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta

Varðandi vaxtaáhætta er stefna sjóðsins að halda sem mestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða. Lánasjóðurinn fylgist reglulega með vaxtanæmni útlána og fjármögnunar miðað við líftíma þeirra.

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhætta er að sem mest samræmi sé milli eigna og skulda í erlendum myntum þannig að gjaldmiðlaáhætta skapist ekki. Misræmi eigna og skulda skal aldrei vera meiri en 4% af eigin fé í hverri mynt fyrir sig og ekki meiri en 6% fyrir heildargjaldeyrisjöfnuð.

1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hættan á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir frá fjármögnunaraðila lánasjóðsins. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.

Lánasjóðurinn fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Lánasjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirjábanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Auk þess er fylgst með lausafjárahættu með skýrslum um lausafjánhlotfall sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands.

1.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhætta er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánessamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Þá er stefnt að sem mestri samþættingu upplýsingakerfa þannig að flutningur gagna milli kerfa sé rafrænn. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir mjög einsleitir.

1.6 Starfsmannaáhætta

Framkvæmdastjóraskipti verða um næstu áramót hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er því nú með tvo fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra og varðandi framkvæmdastjóra. Jafnframt hefur lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu lánasjóðsins og sambandsins. Starfsmannaáhætta lánasjóðsins felst í því að þekking flytjist ekki milli starfsmanna.

1.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn er stofnaður á grundvelli laga nr. 150/2006 um stofnun hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, en starfar eftir lögum nr. 161/2006 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Ennfremur getur lánasjóðurinn ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda sem varða lántakendurna.

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útboð skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og taka þeirra til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Lýsing þessi samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum, útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettum 17. desember 2008. Nasdaq OMX Iceland hf. hefur staðfest þessa lýsingu.

Útgefandalýsingin var unnin af bréfum hf., sem einnig annaðist sölu á bréfunum, og í henni vísa „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Allar upplýsingar sem veittar eru í þessari útgefandalýsingu eru, samkvæmt bestu vitund lánasjóðsins, réttar og tæmandi um þau atriði sem máli skipta. Veittar upplýsingar taka mið af stöðu mála við dagsetningu þessarar útgefandalýsingar, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða megi vera ljóst af samhengi því sem upplýsingarnar eru settar fram í.



3 ÁBYRGIR AÐILAR

3.1 Ábyrgðaraðili

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

3.2 Yfirlýsing útgefanda og umsjónaraðila

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, er bæði útgefandi og umsjónaraðili útgáfunnar. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda og umsjónaraðila, Lánasjóðs sveitarfélaga, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 17. desember 2008
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

4 LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

Endurskoðendur útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til eru Sigrún Guðmundsdóttir og Sigurður B. Arnþórsson, PriceWaterhouseCoopers hf, til heimilis að Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

Sigrún Guðmundsdóttir og Sigurður B. Arnþórsson eru aðilar að Félagi löggiltra endurskoðenda. Löggiltir endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. hafa ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

5 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

5.1 Almennar upplýsingar

LÖG- OG VIÐSKIPTAHEITI	Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
LÖGHEIMILI OG SKRÁNINGARSTAÐUR	Borgartún 30 105 Reykjavík
KENNITALA OG SKRÁNINGARNÚMER	580407-1100
REKSTRARFORM OG LÖGGJÖF SEM ÚTGEFANDI STARFAR SAMKVÆMT	Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög eftir því sem við á.
STOFNDAGUR	23. mars 2007
SÍMI	+354-515 4900
FAX	+354-515 4903
HEIMASÍÐA	www.lanasjodur.is
SKRÁNINGARLAND	Ísland



5.2 Saga Lánasjóðs sveitarfélaga

Hugmynd að stofnun lánasjóðs fyrir sveitarfélög kom fyrst fram 1951 á bæjarstjórafundi í Reykjavík, en þar var m.a. rætt um nauðsyn á útvegun hagkvæmra lána til meiriháttar framkvæmda sveitarfélaga.

Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 1955 vaknaði sú hugmynd að stofna sérstakan sveitarfélagabanka sem veitti sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra lán til meiriháttar framkvæmda.

Á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 1962 var samþykkt tillaga um að kanna grundvöll fyrir starfsemi sveitarfélagabanka og hagkvæmni þess fyrir sveitarfélögin. Hlutverk bankans átti að vera að greiða fyrir fjármálaviðskiptum sveitarfélaga og sýslufélaga m.a. með því að:

- Veita rekstrarlán til stutts tíma
- Veita sveitarfélögum eða útvega hagkvæm lán til langs tíma til að leysa fjárfrek viðfangsefni.

Gert var ráð fyrir að bankinn yrði hlutafélag í eigu sveitarfélaga og gæti ávaxtað sjóði þeirra og jafnframt annast alla venjulega bankastarfsemi.

Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 1963 tilkynnti Gunnar Thoroddsen, þáverandi fjármálaráðherra, að hann hefði skipað nefnd til að gera tillögur um á hvern hátt rekstrar- og stofnlánabörf sveitarfélaganna verði sem best leyst. Nefndin lauk störfum í lok nóvember 1964 með tillögu að frumvarpi til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

5.3 Stofnun og hlutverk

Frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga var lagt fram á Alþingi vorið 1965 og síðan endurbætt frumvarp um sjóðinn vorið 1966. Þann 15. apríl 1966 samþykkti Alþingi lög um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966.

Samkvæmt lögnum er hlutverk sjóðsins að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, veita þeim aðstoð við öflun stofn- og rekstrarlána, annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör, veita skuldbreytingalán við ákveðnar aðstæður og stuðla að því að sveitarfélög verði traustir og skilvísir lántakendur.

5.4 Breytingar á lögum sjóðsins

Gerðar voru breytingar á lögum sjóðsins með lögum nr. 99/1974 þar sem framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var ákveðið 5% og framlag ríkissjóðs 2,5% af heildartekjum jöfnunarsjóðsins. Jafnframt voru skuldabréf, sem sjóðurinn tekur og veitir, undanþegin stimpilgjöldum.

Með lögum nr. 49/1995 var tekið upp ákvæði í lög sjóðsins um að stjórninni sé ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.

5.5 Breytt starfsemi og ný lög

Á árinu 2004 vann stjórn lánasjóðsins að undirbúningi að breytingum á starfsemi lánasjóðsins. Markmið breytinganna var:

- Efling lánasjóðsins með það að markmiði að lækka fjármagnskostnað sveitarfélaga.
- Aðlögun á starfsemi hans að almennum rekstrarskilyrðum á fjármálamarkaði.
- Að æðsta vald í málefnum sjóðsins yrði fært í hendur sveitarfélaga.

Að frumkvæði stjórnarinnar, í samvinnu við félagsmálaráðherra, var unnið frumvarp til nýrra laga um lánasjóðinn sem varð að lögum í árslok 2004 og voru lögin nr. 136/2004. Helstu nýmæli í lögnum var að:

1. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og starfar eftir þeim lögum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn er í sameiginlegri eigu sveitarfélaga.
2. Afskiptum ríkisins af lánasjóðnum er lokið nema varðandi slit, sameiningu eða formbreytingu. Slíkar breytingar verða ekki gerðar nema með lögum.
3. Lánasjóðnum er heimilt að lána fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda auk lána til sveitarfélaganna sjálfra.
4. Framlög úr ríkissjóði til lánasjóðsins falla formlega niður, en þau hafa ekki verið greidd síðan árið 1983.
5. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til lánasjóðsins falla niður.
6. Æðsta vald í málefnum lánasjóðsins er í höndum fulltrúa þeirra sem sveitarfélögin kjósa á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Samþykktir lánasjóðsins taka mið að samþykktum hlutafélaga eftir því sem tók eru á.
8. Stjórn lánasjóðsins setur útlánareglur þannig að þær verða ekki lengur ákveðnar með lögum.



5.6 Formbreyting í hlutafélag

Í desember 2006 voru síðan samþykkt á Alþingi ný lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007 og 14. september sama ár fékk hið nýja félag starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem lánaþyrftækni. Að fengnu starfsleyfi yfirtók félagið rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga og lög nr. 136/2004 féllu úr gildi.

5.7 Nýlegir atburðir

Eftir hrun bankakerfisins í byrjun október hefur staða og horfur í rekstri sveitarfélaga versnað og þar sem lánasjóðurinn endurlánar sveitarfélögunum gæti það haft áhrif á gjaldhæfi lánasjóðsins. Lánasjóðurinn er hins vegar með veð í tekjum sveitarfélaganna og því er ekki lítið svo á að breyting á gjaldhæfi lánasjóðsins sé markverð.

6 YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Samkvæmt samþykktum lánasjóðsins, frá 23. mars 2007, sem eru til sýnis, er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. lánaþyrftækni, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftækni og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öflugan samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar

Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag, með skrifstofu í Borgartúni 30 í Reykjavík, í eigu íslenskra sveitarfélaga sem eru 78 talsins og er heildarnafnverð hlutfjár 5.000.000.000 kr. Núverandi framkvæmdastjóri er Þorsteinn Þorsteinsson, en hann lætur af störfum um næstkomandi áramót. Viðtakandi framkvæmdastjóri er Óttar Guðjónsson og hefur hann þegar tekið til starfa hjá félaginu. Eru þessir starfsmenn einu starfsmenn félagsins, en fyrirhugað er að fjölga starfsmönnum um einn. Lánasjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga sem lætur honum í té almenna skrifstofuþjónustu.

6.1 Tekjur

Tekjur sjóðsins hafa verið af vöxtum og framlögum sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og framlagi ríkissjóðs. Veruleg breyting varð á framlögum til sjóðsins með lögum nr. 99/1974 þegar föstu árlegu 15 m.kr. framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ákveðnu árlegu framlagi ríkisins skv. fjárlögum var breytt í ákveðið hlutfall af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en þá hækkuðu framlög jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs úr 23,0 m.kr. árið 1974 í 153,0 m.kr. árið 1975. Framlag jöfnunarsjóðs hefur alltaf verið í samræmi við lög en 1984 hætti ríkið að greiða sinn hlut. Nokkur áranna á undan hafði framlag ríkissjóðs einnig verið skert. Framlög sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóðinn hafa verið lánasjóðnum mikilvæg og eiga stærstan þátt í styrkri eiginfjárstöðu hans. Vextir af eigin fé sjóðsins hafa jafnframt átt þátt í því að efla eiginfjárstöðuna.

Með lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 voru framlög til lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði felld niður og frá þeim tíma eru vaxtatekjur af útlánum og öðrum fjáreignum megintekjustofn lánasjóðsins.

6.2 Lántökur

Lántökur sjóðsins fyrstu árin voru hjá Framkvæmdasjóði Íslands eða allt til 1988, en frá árinu 1992 voru tekin lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Árið 1998 voru gefin út óskráð skuldabréf, en árið 2003 voru í fyrsta sinn gefin út skuldabréf sem skráð voru í kauphöll.

6.3 Lánveitingar

Lánveitingar sjóðsins fyrr á árum takmörkuðust við lán til vatnsveitu-, hitaveitu-, skóla- og gatnagerðarframkvæmda, en frá árinu 1990 hafa jafnframt verið veitt lán til sorpeyðingarstöðva og fráveituframkvæmda og ennfremur til skuldbreytinga.

Útborguð lán árin 2002 til 2007 á verðlagi hvers árs í milljónum króna:

ÁR	2002	2003	2004	2005	2006	2007
HEILDARLÁN	2.103	2.667	3.167	9.275	9.099	9.887

6.4 Vaxtakjör

Vextir sjóðsins á lánum sem fjármögnuð eru með eigin fé voru 5,95% frá 2007 en lækkuðu í 5,0% 1. apríl 2008. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántöknar að viðbættu vaxtaálagi sjóðsins sem er 0,05%. Lántökugjöld eru engin.



7 STJÓRN OG FRAMKVÆMDARSTJÓRN

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er kjörin árlega á aðalfundi. Hún var síðast kjörin á aðalfundi sem haldinn var í Reykjavík 4. apríl 2008:

AÐALMENN	Magnús B. Jónsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, formaður. Kristinn Jónasson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, varaformaður Anna Skúladóttir, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Svanfríður Inga Jónasdóttir, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Jónmundur Guðmarsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
VARAMENN	Sigurður Ingi Jóhannsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Páll Dagbjartsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Rún Halldórsdóttir, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Baldur Pálsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík Páley Borgþórsdóttir, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
FRAMKVÆMDASTJÓRI	Þorsteinn Þorsteinsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík (til 31. 12. 2008) Óttar Guðjónsson, Borgartúni 30, 105 Reykjavík (eftir 31.12.2008)
DEILDARSTJÓRI	Birgir L. Blöndal

Engir hagsmunarárekstrar eru á milli skyldustarfa þessara einstaklinga fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

8 STÆRSTU HLUTHAFAR

Tíu stærstu hluthafar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. eru:

REYKJAVÍKURBORG	17,47%
VESTMANNEYJABÆR	5,81%
KÓPAVOGSBÆR	5,52%
AKUREYRARKAUPSTAÐUR	5,46%
HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR	4,25%
ÍSAFJARÐARBÆR	4,15%
SVEITAFÉLAGIÐ ÁRBORG	3,05%
GARÐABÆR	3,04%
REYKJANESBÆR	3,03%
FJARÐABYGGÐ	3,00%

Útgefandi er hvorki beint né óbeint undir yfirráðum annarra aðila.

Samkvæmt lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga mega viðskipti með hluti í félaginu ekki fara fram fyrr en 1. janúar 2009. Sveitarfélögum er þó heimilt að færa eignarhluti sína til stofnunar eða fyrirtækis sem er að fullu í eigu sveitarfélagsins.



9 FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

9.1 Árshlutareikningur 30. júní 2008

Afkoma lánasjóðsins á fyrri hluta ársins 2008 var yfir væntingum og var tekjuafgangur 1.163 m.kr. á móti 682 m.kr. fyrir sama tímabil fyrra árs. Útlán sem fjármögnuð eru með eigin fé eru verðtryggð og hefur hækkun vísitölu neysluverðs því áhrif á afkomuna til hækkunar. Vextir af þeim lánum voru lækkaðir 1. apríl 2008 úr 5,95% í 5,0% og aftur 1. október í 4,25%. Ávöxtun á lausu fé var góð vegna hárna skammtímaaxta á markaði.

Samþykktar lánveitingar á fyrri hluta ársins 2008 voru 10,5 ma.kr., en útborguð langtímalán voru 6,3 ma.kr. Á tímabilinu gaf sjóðurinn út skuldabréf að fjárhæð 2,3 ma.kr. á innlendum skuldabréfamarkaði og tók að láni 45 m EUR hjá erlendum aðilum.

Eigið fé í lok tímabilsins var 11,2 ma.kr. á móti 10,0 ma.kr. í árslok 2007. Vegið eiginfjárhlutfall, svonefnt CAD-hlutfall, var í lok tímabilsins 112,0% skv. eldri reglum en 86,6% samkvæmt hinum nýju Basel II reglum. Ný eiginfjárfkrafa vegna rekstraráhættu hefur neikvæð áhrif á hlutfallið, en sú krafa er reiknuð á grundvelli hreinna rekstrartekna síðustu þriggja ára, en þær eru tiltölulega háar hjá sjóðnum vegna sterkrar eiginfjárstöðu.

Fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin 2006-2008

Rekstur tímabils m.kr.	1H2008	1H2007	2007	2006
Hreinar vaxtatekjur	1.698,1	597,2	1.385,3	1.138,8
Aðrar rekstrartekjur	(494,9)	115,0	(96,5)	120,5
Almennur rekstrarkostnaður	40,5	30,4	69,5	63,7
Hagnaður tímabilsins	1.162,7	681,8	1.219,3	1.194,8

Efnahagur í lok tímabils m.kr.	30.06.2008	31.12.2007	31.12.2006
Útlán	44.316,5	39.267,2	31.691,9
Aðrar eignir	4.800,0	2.466,1	2.274,7
Langtímaskuldir	35.430,2	2 29.254,8	21.956,6
Aðrar skuldir	2.475,6	2.430,4	3.181,3
Eigið fé	11.210,7	10.048,0	8.828,7
CAD-hlutfall	112,0%	112,3%	120,1%
CAD-hlutfall Basel II	86,6%	-	-

9.2 Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2008 og upplýsingar um þróun

Lánasjóðurinn hefur notað skiptasamninga til að stýra gjaldeyrisstöðu sinni og koma í veg fyrir gjaldeyrisáhættu og hefur í því sambandi gert samninga við einn innlendan viðskiptabanka. Í skýringu 14 á bls. 12 í samandregnum árshlutareikningi 30. júní 2008 kemur fram að eign lánasjóðsins í slíkum samningum er 509.552.846 ISK en skuld 175.119.912 ISK. Líklegt má telja að nettóeign skv. samningunum geti orðið almenn krafa í þrotabú viðkomandi banka og komi því til lækkunar á hagnaði lánasjóðsins á síðari hluta ársins 2008. Nettóeignin fer hækkandi með lækkandi gengi ISK og hefur því hækkað frá árshlutauppgjöri 30. júní 2008.

Eigi að síður er gert ráð fyrir að hagnaður lánasjóðsins fyrir árið 2008 verði nokkuð meiri en var á árinu 2007.

Þá má einnig gera ráð fyrir að aðgangur lánasjóðsins að erlendum lánsfjármörkuðum verði lakari í næstu framtíð en hann hefur verið og að erlent lánsfé verði á óhagstæðari kjörum. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að tryggja sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Líklegt er að lánasjóðurinn verði vegna þessa háðari innlendum lánsfjármarkaði um lánsfjárflyun en áður var.



9.3 Umfjöllun um ársreikninga áráanna 2006 og 2007

Samandreginn rekstrarreikningur ársins 2007 með samanburði við árið 2006

Í meðfylgjandi töflum er hægt að sjá tölulegar upplýsingar um fjárhagslegan árangur lánaþjófins fyrir rekstarárið 2007 ásamt samanburði við árið 2006 og ennfremur efnahagsreikning 31. desember 2007 með samanburði við 31. desember 2006:

	2007	2006
Vaxtatekjur	3.378.805.797	2.650.414.040
Vaxtagjöld	(1.993.546.983)	(1.512.352.059)
Hreinar vaxtatekjur	1.385.258.814	1.138.061.981
Gjöld vegna veltufjáreigna	(446.281.319)	(24.675.345)
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði	143.857.861	135.716.511
Hreinn gjaldeyrismunur	205.898.045	9.432.630
Aðrar rekstrartekjur	(96.525.413)	120.473.796
Hreinar rekstrartekjur	1.288.733.401	1.258.535.777
Laun og launatengd gjöld	25.835.854	28.103.797
Annar rekstrarkostnaður	42.429.487	34.431.651
Afskriftir	1.195.628	1.195.627
Almennur rekstrarkostnaður	69.460.969	63.731.075
Hagnaður ársins	1.219.272.432	1.194.804.702

Samandreginn efnahagsreikningur 31. desember 2007 með samanburði við 2006

Eignir	2007	2006
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	105.097.908	0
Kröfur á lánastofnanir	988.949.057	1.028.782.960
Útlán og kröfur	39.267.226.724	31.691.855.064
Veltufjáreign - afleiður	97.997.275	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.213.839.461	1.188.998.702
Rekstrarfjármunir	54.998.863	56.194.491
Aðrar eignir	5.140.905	791.242
Eignir samtals	41.733.250.193	33.966.622.459
Skuldir		
Verðbréfaútgáfa	18.941.497.745	13.711.039.141
Aðrar lántökur	10.313.345.837	8.245.604.050
Veltufjárskuld - afleiður	128.225.438	136.796.238
Skuld við sveitarfélög	2.250.000.000	3.000.000.000
Aðrar skuldir	5.629.437	1.102.453
Lífeyrisskuldbinding	46.540.415	43.341.688
Skuldir samtals	31.685.238.872	25.137.883.570
Eigið fé		
Hlutfé	5.000.000.000	0
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	0
Óráðstafað eigið fé	3.798.011.321	8.828.738.889
Eigið fé samtals	10.048.011.321	8.828.738.889
Skuldir og eigið fé samtals	41.733.250.193	33.966.622.459



Sjóðstreymi ársins 2007

Rekstrarhreyfingar	2007	2006
Hagnaður ársins	1.219.272.432	1.188.708.306
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.195.628	1.195.627
Verðbætur og gjaldeyrismunur	(847.629.449)	(732.118.309)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3.198.727	7.156.688
Söluhagnaður verðbréfa	0	(57.452.500)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	716.934.425	(26.212.096)
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)	(4.349.663)	11.917
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	4.526.984	(2.161.956)
Handbært fé frá rekstri	1.093.149.084	379.127.677
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(69.479.045)	(1.654.264)
Útlán, breyting	(6.359.017.817)	(7.140.314.381)
Fjáreignir á gangvirði, breyting	(24.840.759)	(1.124.032.339)
	(6.453.337.621)	(8.266.000.984)
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka, breytingar	6.926.779.372	7.584.734.742
Greiðsla vegna afleiðusamninga	(823.502.500)	0
Greiðsla til sveitarfélaga	(750.000.000)	0
	5.353.276.872	7.584.734.742
Lækkun á handbæru fé	(6.911.665)	(302.138.565)
Handbært fé í ársbyrjun	84.443.917	386.582.482
Handbært fé í lok árs	77.532.252	84.443.917
Fengnir vextir	1.267.111.376	1.285.754.476
Greiddir vextir	(959.951.264)	(730.134.644)
Greiddir skattar	0	0

Ofangreindar upplýsingar eru teknar úr endurskoðuðum ársreikningum lánasjóðsins fyrir árið 2007. Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2007 var endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers hf. Endurskoðunaraðili lýsir því yfir að reikningarnir gefa glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2007 fylgdi IFRS staðli 1, um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þar sem þetta var í fyrsta sinn sem ársreikningur félagsins var gerður eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2006 í ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 hefur verið breytt vegna þessa, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga 30. júní 2008 var kannaður af PricewaterhouseCoopers hf. Í þeirri könnun kom ekkert fram sem benti til annars en að reikningurinn væri í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34.

Fjárhagsupplýsingar í kafla 9 eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum og könnuðum árshlutareikningum lánasjóðsins. Endurskoðendur sjóðsins hafa ekki endurskoðað aðrar upplýsingar sem finna má í þessari útgefendalýsingu. Síðustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar eru frá 31. desember 2007 sem er innan 18 mánaða frá útgáfudegi þessarar útgefendalýsingar.

Ekki er lánasjóðinum kunnugt um nein stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál á síðustu tólf mánuðum sem eru til meðferðar eða yfirvofandi sem kunna að hafa eða hafa að undanförunu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi sjóðsins.

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils fram til útgáfu þessarar lýsingar. Endurskoðaður ársreikningur fyrir síðasta ár var birtur 27. mars 2008.



10 MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga utan hefðbundinnar starfsemi lánasjóðsins sem skipta máli fyrir möguleika sjóðsins á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út.

11 SKJÖL TIL SÝNIS OG SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Á meðan útgefandalýsing þessi er í gildi er hægt er að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu lánasjóðsins ,<http://lanasjodur.is/>.

- Síðustu samþykktir
- Endurskoðaður ársreikningur ársins 2006
- Endurskoðaður ársreikningur ársins 2007
- Kannaður árshlutareikningur 30.06.2008

Hægt er að nálgast þessi gögn á skrifstofu lánasjóðsins:

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Ársreikningar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir fjárhagsárin 2006 og 2007 og árshlutareikningur 30.06.2008 eru hér með felldir inn í útgefandalýsingu þessa með tilvísun.